

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 22.04 2020

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Sófus, Katrín og

Svanur sem sat fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Forföll: Þorsteinn

Heimir formaður setti fundinn og sá um fundarstjórn.

Formáli formanns: í ljósi aðstæðna hefur setrið/Gamla prentsmiðjan ekki verið opin og ekki verður hægt að taka ákvörðun varðandi opnunartíma fyrr en eftir 4. maí, því leggur hann til að það málefni verði tekið upp á næsta fundi, það var samþykkt.

Dagskrá fundar:

1. Fjármál
2. Hlaðvarp Iðunnar
3. Aðalfundur
4. Önnur mál

1. Fjármál

Í sjóði eru 380.000.-. Mánaðarlega er greitt 105.000.- eða 85.000.- í húsaleigu fyrir Laugarveg og 20.000.- í gámaleigu.

Rætt var um félagsgjöld, til umræðu hefur verið að leggja til hækkun á félagsgjöldum á næsta aðalfundi. Í framhaldi af þeirri umræðu lagði Svanur fram tillögu um að við myndi senda út bréf til félagsmanna um frjálst val um greiðslu félagsgjalda og einnig væri frjáls val um upphæð fram að aðalfundi, það var samþykkt. Svanur mun sjá um að útfæra hugmynd og senda bréf til félagsmanna.

Við erum með kassa þar sem gestir sem heimsækir Gömlu prentsmiðjuna geta lagt fram frjáls framlög, í kassann hefur safnast 12.500.- krónur.

2. Hlaðvarp Iðunnar

Augnablik í Iðnaði er nýtt hlaðvarp Iðunnar sem ætlar sér að efla umræðu og vitund um íslenskan iðnað. Haukur Már stjórnarmaður Prentsöguseturs var í viðtali þar sem hann fjallaði meðal annars um sögu félagsins. Þátturinn var einnig tekin upp í mynd, ekki er vitað hvenær þátturinn muni birtast en hann verður settur inn á FB síðu PSS þegar hann kemur.

3. Aðalfundur

Rætt var um hvort laugardagar væru heppilegir dagar til að halda aðalfund. Tillaga kom um halda aðalfund frekar á virkum degi og hafa hann seinnipartin svo vinnandi fólk komist á fundinn. Því var lagt til að hafa hann frekar á fimmtudaginn 4. júní kl.16:30.

Einnig ræddum við þá hugmyndir að fá meiri fjölbreytni í stjórnina og þá jafnvel frá öðrum starfsstéttum.

4. Önnur mál

- a) Haukur Már hefur sent Mennta- og menningarráðuneytinu bréf og óskað eftir fundi.
- b) Heimir varpaði fram hvort PSS þyrftum að hafa símanúmer til að svara fyrirspurnum.
Ætlum að skoða hvernig við útfærum það.
- c) Svanur sagði okkur að Prentsmiðjubókin kæmi út í næstu viku. Bókin fjallar um prentsmiðjur, sem hafa prentað íslensk rit á Íslandi, í Kaupmannahöfn og í Hróarskeldu.

Næsti stjórnarfundur verður fimmtudaginn 7. maí kl. 11:00.

Fundi slitið.